



DÓMSTÓLARÁÐ

Alþingi
Erindi nr. P 130/1097
komudagur 24. 2. 2004

Nefndasvið Alþingis
v/Allsherjarnefndar
b.t. Sigrúnar Brynju Einarsdóttur nefndarritara
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 23. febrúar 2004

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um fullnustu refsingar, 465. mál.

Dómstólaráði hefur verið sent til umsagnar frumvarp til laga um fullnustu refsingar.

Dómstólaráð fjallaði um frumvarpið á fundi sínum 23. febrúar sl. og samþykkti eftirfarandi umsögn um það. Umsögn ráðsins beinist einvörðungu að II. kafla D í frumvarpinu, sem tekur til samfélagsþjónustu, og 75. gr. frumvarpsins sem heimilar fullnustu vararefsingar með samfélagsþjónustu.


Samfélagsþjónusta er í eðli sínu refsing og hefur verið skilgreind á þann veg af fræðimönnum í refsirétti. Þar sem samfélagsþjónusta hefur verið í lög leidd í Evrópu er hún hvarvetna hluti af viðurlagakerfi viðkomandi ríkis. Það eru því dómstólar sem ákveða hvort þessu refsíúrræði er beitt. Sker Ísland sig úr að þessu leyti en löggjafinn hefur af einhverjum ástæðum kosið að líta á samfélagsþjónustu sem fullnustuúrræði.

Það er því álit Dómstólaráðs að samfélagsþjónusta eigi að vera hluti af viðurlagakerfi ríkisins. Eigi það því að vera hlutverk dómstóla að ákveða hvort beita eigi samfélagsþjónustu eða öðrum viðurlögum. Afar óeðlilegt er að framkvæmdavaldið geti breytt refsíákvörðun dómstóla og ákveðið í raun önnur viðurlög eins og tíðkast hefur hérlendis síðastliðin ár. Er og vafasamt að það standist stjórnskipunarlög í ljósi þriggreiningar ríkisvaldsins.

Sama grundvallarlögmál og að ofan greinir á við um það hvort heimilt sé að afplána fésekt með samfélagsþjónustu. Að áliti Dómstólaráðs á það ávallt að vera undir mati dómara komið hvort rétt sé að beita samfélagsþjónustu sem vararefsingu en ekki hlutverk Fangelsismálastofnunar, sem handhafa framkvæmdavalds, að breyta ákvörðun dómstóla um vararefsingu og ákveða önnur viðurlög.

Með hliðsjón af framangreindu telur Dómstólaráð rétt að lagaákvæðum um samfélagsþjónustu verði breytt á þann veg að hún verði fest varanlega í sessi í almennum hegningarlögum sem ein tegund viðurlaga við afbrotum.

F.h. Dómstólaráðs


Elín Sigrún Jónsdóttir
framkvæmdastjóri